

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

Kattahald í Hrunamannahreppi sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari. Skrá skal alla ketti í Hrunamannahreppi.

Að öðru leyti gildir samþykkt þessi um kattahald á Flúðum en kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

#### 2. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Hrunamannahrepps. Eigendur eða umráðamenn skulu merkja alla ketti í þéttbýli með ól um hálsinn, húðflúri í eyra eða örmerkingu, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

#### 3. gr.

Kattaeigendum er skylt að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

#### 4. gr.

Kattareiganda er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

#### 5. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

#### 6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

#### 7. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

#### 8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum áhaldahúss Hrunamannahrepps er heimilt að handsama ketti. Hafí kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku er sveitarfélaginu heimilt að aflífa hann, sbr. þó 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Lítið er á ómerкта ketti sem villiketti. Handsömun á ketti skal auglýst á heimasíðu Hrunamannahrepps og á fjölförnum stað, s.s. í versluninni á Flúðum. Verði kattar ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá auglýsingu er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda. Að öðrum kosti skal hann aflífaður.

## 9. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

## 10. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af samþykkt þessari. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu kattar. Í gjaldskrá skal einnig kveðið á um handsömunar- og geymslugjald, sbr. 8. gr. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

## 11. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. mars 2013.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Kjartan Ingvarsson.*